



6. maí 2010
SI-63114

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Með bréfi dagsettu 21. apríl 2010, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði félags- og tryggingamálanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara (þskj. 952 – 562. mál).

Markmið frumvarpsins er að koma á fót nýrri ríkisstofnun sem skuli gæta hagsmuna og réttinda skuldara og er gert ráð fyrir að stofnunin byggi á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimila. Seðlabanki Íslands gerir engar athugasemdir við að stofnun sem þessari sé komið á fót. Seðlabankinn bendir hins vegar á að vissrar mótsagnar gætir í X. kafla almennra athugasenda með frumvarpi um greiðsluaðlögun einstaklinga, sem fjallað var um hér að framan, og frumvarpi til laga um umboðsmann skuldara. Í X. kafla athugasenda við frumvarpið til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga er því haldið fram að þar sem umboðsmaðurinn gegni mikilvægu hlutverki í greiðsluaðlögunarferlinu sé brýnt að hann sé hlutlaus í afstöðu sinni til skuldara og kröfuhafa. Í athugasemd við 1. gr. frumvarps til laga um umboðsmann skuldara segir hins vegar að markmið stofnunarinnar eigi að vera að ná fram eins hagstæðri lausn og kostur er fyrir skuldara, án tillits til þess hvaða áhrif sú lausn hefur á hagsmuni einstakra kröfuhafa. Erfitt er að sjá hvernig þetta tvennt að geta farið saman við endurskipulagningu skulda sem felur í sér ákvörðun um hvernig byrðunum skuli dreift. Eins og vikið er að hér að framan sýnir reynsla annarra landa að oft er ekki nægjanlegt samræmi á milli endurskipulagningar skulda og annarra aðgerða, einkum endurreisnar bankakerfisins. Mikilvægt er að við endurskipulagningu skulda sé gætt að áhrifum á stöðu lánveitenda. Loks gætir einnig vissrar mótsagnar í 1. mgr. 1. gr. og 1. ml. 2. gr. sama frumvarps þar sem segir að umboðsmaður skuldara sé ríkisstofnun sem ráðherra skipi til fimm ára í senn. Í 1. mgr. 1. gr. ætti að standa „embætti umboðsmanns skuldara“.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Arnór Sighvatsson

aðstoðarseðlabankastjóri


Pórarinn G. Pétursson
aðalhagfræðingur